



Þingskjal 731 – 457. mál.

Reykjavík 10. febrúar 2016

Umsögn og athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi)

MATVÍS gerir athugasemdir við það að ekki skyldi vera leitað til MATVÍS við vinnslu frumvarps þessa enda er MATVÍS félag iðnaðarmanna í matvæla- og veitingagreinum, þ.e.a.s. bakara, kökugerðarmanna, framreiðslumanna, kjötiðnaðarmanna, matreiðslumanna, nema og annarra sem starfa við framreiðslu, matreiðslu og sölu á matvælum.

Umsagnir og athugasemdir við þær greinar frumvarpsins er að MATVÍS snúa.

Í 5 gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á 7.gr. núgildandi laga þannig að þeir sem stundi starfsemi í flokki I skv. 3. mgr. 4. gr. núgildandi laga þurfi ekki rekstrarleyfi. MATVÍS telur ótækt að opna fyrir það að aðilar geti opnað án rekstrarleyfis, veitingastað án áfengisveitinga

Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að hækka skulðþak umsækjanda í kr. 1.000.000,- MATVÍS gerir athugasemdir við þessa ráðstöfun en telur þvert á mót að setja skuli skilyrði um það að umsækjandi og/eða forsvarismaður umsækjanda sé skuldlaus hvað varðar opinber gjöld og skatta sem og iðgjöld í lífeyrissjóði og félagssjóði stéttarféлага. Jafnframt telur MATVÍS að það geti verið liður í að draga úr kennitölulakki að aðili sem ítrekað hefur staðið að rekstri sem farið hefur í þrot fái ekki útgefið rekstrarleyfi á ný, a.m.k. ekki fyrr en að liðnum tilteknum árafjölda frá síðasta rekstri er í þrot fór.

Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis skv. 10 grein núgildandi laga. Um útgáfu rekstrar vill MATVÍS áréttta:

Skv. 1.mgr. 8. grein iðnaðarlaga nr. 42/ 1978 skulu iðngreinar sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð ávallt reknar undir forstöðu meistara. Þá segir í 3.mgr. að rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafi meistarar, sveinar og nemendur í greininni.

Á sama hátt og gerðar eru ríkar kröfur til þess t.d. að fasteignir séu byggðar undir forystu þar til bærra aðila með menntun og meistararéttindi svo sem húsasmíðameistara, rafvirkjameistara, pípulagningameistara og svo framvegis og að húsnaði uppfylli á hverjum tíma kröfur um eldvarnir, hreinlæti og aðrar aðstæður á vinnustað o.s.frv. Þer að gera ríkar kröfur til þess að starfsemi í þeim sömu húsum og felur í sér iðnað sé undir forystu meistara með sveina og nemendur að störfum eftir því sem við á. Undir þetta fellur m.a. veitingarekstur með eldhúsi og framreiðslu þ.e. veitingahús hvort sem það er tengt annarri starfsemi svo sem gistingu eður ei.

Með vísan til þessa telur MATVÍS nauðsynlegt að við 10. gr. núgildandi laga bætist grein sem kveður á um að sé sótt um rekstrarleyfi fyrir starfsemi er felur í sér aðkomu löggiltrar iðngreinar skuli á hverjum tíma gætt ákvæðis 8. gr. iðnaðarlaga þ.e. að rekstrarleyfishafi skuli á hverjum tíma fylgja 8. gr. iðnaðarlaga í starfsemi sinni.

Í 8.gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að rekstrarleyfi skv. lögnum verði gefin út ótímabundið. MATVÍS gerir athugasemdir við og er ósammála því að veita ótímabundin rekstrarleyfi. Telur MATVÍS að í því felist aukin hættu á eftirlitslausum rekstri. Telur MATVÍS að 11.gr. núgildandi laga eigi að halda sér óbreytt þó þannig að við bætist ákvæði um númer til handa leyfisveitanda eins og gert er ráð fyrir í d. lið 8.gr. frumvarpsins. Telur MATVÍS úthlutun númers til handa leyfishafa til nota í starfsemi sinni til bóta.

Virðingarfyllt

f.h. MATVÍS

Niels S. Olgeirsson

Niels S Olgeirsson formaður MATVÍS